

Nd.

182. Nefndarálit

[87. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Barst henni erindi frá Bændaskólanum á Hvanneyri varðandi framhaldsdeild þess skóla, og er það til umsagnar stjórnar lánasjóðs. Verður unnt að taka afstöðu til þess við 3. umr. Með þessari athugasemd mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 16. des. 1968.

Benedikt Gröndal,
form., frsm.
Magnús Kjartansson.

Birgir Kjaran.

Eyjólfur Konráð Jónsson.

Sigurvin Einarsson.

Hannibal Valdimarsson.

Gunnar Gíslason.